


# Eignastýringarsafn ÍV - II

31. janúar 2012

## Fyrir hvern er sjóðurinn?

Eignastýringarsafn ÍV - II er góður kostur fyrir þá sem þola þó nokkrar sveiflur í von um hærri ávöxtun. Ávöxtun sjóðsins getur sveiflast nokkuð og er mælt með því að fjárfestar horfi til nokkurra ára við mat á árangri. Sjóðurinn hentar bæði einstaklingum, fyrirtækjum og fagfjárfestum.

## Verðbreyting (upphafsgildi = 100)



## Ávöxtun síðasta mánaðar

Ávöxtun sjóðsins í janúar var 1,2%.

Ríkisskuldabréf sveifluðust nokkuð í mánuðinum, óverðtryggð bréf lækkuðu lítillega en verðtryggð hækkuðu.

Hlutabréfaeign sjóðsins skilaði ágætri ávöxtun í mánuðinum.

## Verðbreyting tímabila

	1 mán	3 mán	6 mán
Eignastýringarsafn ÍV - II *	1,2%	3,7%	5,6%

\* Eignastýringarsafn ÍV - II var stofnsett 19. maí 2011 og því ekki til upplýsingar um verðbreytingu nema frá þeim tíma.


## Grunnupplýsingar

Stærð (m.kr.)	239
Sjóðstjóri	Björn Gíslason
Stofnár	2011
Umsýsluþóknun á ári	0,5%
Rekstraraðili	Rekstrarfélag verðbréfasjóða ÍV hf
Vörsluaðili	Íslensk verðbréf hf
Bloomberg auðkenni	

## Markmið og fjárfestingarstefna

Áhersla er lögð á fjárfestingu í ríkistryggðum skuldabréfum og innlánum en einnig er heimilt að fjárfesta í skuldabréfum með ábyrgð sveitarfélaga, öðrum skuldabréfum og hlutabréfum, þó með takmörkunum á innlendum hlutabréfum og bréfum sérhvers félags. Sjóðnum er heimilt að fjárfesta í öðrum sjóðum sem Rekstrarfélag verðbréfasjóða ÍV rekur að hluta eða öllu leyti.

## Eignasamsetning



## Stærstu eignir

Áskriftarsjóður ríkisverðbréfa	16,7%
Ríkisskuldabréfasjóður ÍV	19,6%
RIKB 19 0226	10,1%
HFF 15 0224	9,5%
Verðtryggð innlán Íslandsbanki	8,7%

## Hvernig fjárfesti ég í Eignastýringarsafni ÍV - II?

Hægt er að fjárfesta í Eignastýringarsafni ÍV - II með því að hafa samband við ráðgjafa Íslenskra verðbréfa í síma 460 4700. Einnig má fjárfesta í sjóðnum á heimasíðu Íslenskra verðbréfa [www.iv.is](http://www.iv.is). Gerast má áskrifandi að sjóðnum með því að hafa samband við Íslensk verðbréf, þá er annaðhvort skuldfært af kreditkortu eða millifært af bankareikningi mánaðarlega umsamin upphæð og því bætt við eign viðskiptavinar í Eignastýringarsafni ÍV - II.

## Skattlagning

Hagnaður af innlausn eignarhlutdeildar verðbréfasjóðsins er skattskyldur á Íslandi. Skattskyldur hagnaðar ákvarðast samkvæmt lögum um tekju- og eignarskatt nr. 90/2003 og myndar eignarhlutdeild í sjóðnum stofn til greiðslu eignarskatts. Vörslufyrirtæki sjóðsins, Íslensk verðbréf hf., sér um að s tанда skil á fjármagnstekjuskatti samkvæmt 3. gr. laga nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, en hann leggst á þegar eignarhlutdeild í sjóðnum er seld með hagnaði eða þegar tekjur eru greiddar af eignarhlutdeild. Söluhagnaður ber 20% fjármagnstekjuskatt.

## Fyrirvari

Eignastýringarsafn ÍV - II er verðbréfasjóður skv. lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag verðbréfasjóða ÍV hf. er rekstrarfélag sjóðsins. Útboðslýsing og nánari upplýsingar má nálgast á heimasíðu Íslenskra verðbréfa, [www.iv.is](http://www.iv.is). Fjárfestar eru hvattir til að kynna sér útboðslýsingu sjóðsins og þá sérstaklega umfjöllun um áhættuþætti.

Strandgata 3, 600 Akureyri - Sigtún 42, 105 Reykjavík - Sími 460 4700 - [www.iv.is](http://www.iv.is)